



Barnaverndarstofa

Yfirlit yfir stöðu
barnaverndarmála í
maí 2007

Október
2007

Tölulegar upplýsingar - maí 2007

Umsóknir um meðferð

Barnaverndarstofu bárust 10 umsóknir um meðferð í maí en þær voru 6 í apríl. Umsóknum hefur því fjölgað um tæp 67% milli mánaða. Sótt var um meðferð fyrir 7 stráka (70%) og 3 stelpur (30%) og var meðalaldur þeirra 15,6 ár. Ef fjöldi umsókna er borinn saman við sama mánuð í fyrra kemur í ljós að umsóknum hefur fækkað um 23% milli ára (umsóknir voru 13 í maí 2006). Umsóknir um vistun á langtímameðferðarheimili voru flestar eða alls 6. Flestar umsóknir bárust frá barnaverndarnefnd Reykjavíkur eða 60% allra umsókna.

1. tafla. Tegund meðferðar og umsóknir eftir búsetu

	Stuðlar		Akurhóll		Langtíma		Alls	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Reykjavík	1	50,0	2	100,0	3	50,0	6	60,0
Nágrenni Reykjavíkur	1	50,0	0	0,0	3	50,0	4	40,0
Landsbyggð	0	0,0	0	0,0	0	0,0	0	0,0
Alls	2	100,0	2	100,0	6	100,0	10	100,0

Til nágrenni Reykjavíkur telst Seltjarnarnes, Kópavogur, Garðabær, Hafnarfjörður, Álftanes og Mosfellsbær.

Umsóknir um fósturheimili fyrir barn

Barnaverndarstofu bárust einnig 11 umsóknir um fósturheimili fyrir barn í maí en þær voru 8 í apríl. Umsóknum hefur því fjölgað um rúm 37,5% milli mánaða. Sótt var um fóstur fyrir 5 stráka (45,5%) og 6 stelpur (54,5%) og var meðalaldur þeirra 11,9 ár. Ef fjöldi umsókna er borinn saman við sama mánuð í fyrra kemur í ljós að umsóknum hefur einnig fjölgað um rúm 37,5 milli ára (umsóknir voru 8 í maí 2006). Flestar umsóknir bárust frá barnaverndarnefndum á landsbyggðinni eða 45,5% allra umsókna. Flestar umsóknirnar voru um tímabundið fóstur.

Engin umsókn barst um fóstur fyrir þýskt barn, en Barnaverndarstofa er með samning við þýsku fyrirtækin Martinswerk eV Dorlar og Mut Zur Zukunft. Hvoru tveggja þessara fyrirtækja hafa heimild þýskra yfirvalda til að ráðstafa börnum í fóstur.

2. tafla. Umsóknir um fósturheimili fyrir barn

	Tímabundið		Varanlegt		Styrkt		Alls	
	<i>Fjöldi</i>	<i>%</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>%</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>%</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>%</i>
Reykjavík	2	25,0	1	100,0	1	50,0	4	36,4
Nágrenni Reykjavíkur	2	25,0	0	0,0	0	0,0	2	18,2
Landsbyggð	4	50,0	0	0,0	1	50,0	5	45,5
Alls	8	100,0	1	100,0	2	100,0	11	100,0

Til nágrenni Reykjavíkur telst Seltjarnarnes, Kópavogur, Garðabær, Hafnarfjörður, Álftanes og Mosfellsbær.

Níu umsóknir um að gerast fósturforeldrar bárust Barnaverndarstofu í maí en þær voru 7 í apríl. Þeim hefur því fjölgað um 28,6% milli mánaða. Á sama tíma í fyrra voru umsóknir alls 3 og hefur því þrefaldast milli ára. Flestar umsóknir komu frá fólki sem búsett er í Reykjavík og nágrenni.

3. tafla. Fjöldi umsókna um að gerast fósturforeldrar eftir búsetu.

Hvaðan koma umsóknir	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Reykjavík og nágrenni	5	55,6
Vesturland	1	11,1
Vestfirðir	0	0,0
Norðurland	0	0,0
Austurland	1	11,1
Suðurland	1	11,1
Reykjanes	1	11,1
Fólk búsett erlendis	0	0,0
Samtals	9	100,0

Barnahús

Alls fóru fram 13 rannsóknarviðtöl (þar af 4 skýrslutökur eða 31% allra rannsóknarviðtala) í Barnahúsi í maí en þau voru 8 í apríl. Rannsóknarviðtölum hefur því fjölgað um tæp 63% milli mánaða. Í maí 2006 voru rannsóknarviðtöl 17 og hefur þeim því fækkað um tæp 24% milli ára. 3 strákar (23%) og 10 stelpur (77%) komu í rannsóknarviðtöl í Barnahúsi og var meðalaldur þeirra 9,8 ár.

Greiningar- og meðferðarviðtöl voru 5 en þau voru 4 í apríl. Viðtölum hefur því fjölgað lítillega milli mánaða. Á sama tíma í fyrra voru greiningar- og meðferðarviðtöl

alls 8 og hefur því fækkað um tæp 38% milli ára. Tvær læknisskoðanir fóru fram í Barnahúsi í maí.

4. tafla. Þjónusta í Barnahúsi.

Þjónusta	Fjöldi	Hlutfall
Rannsóknarviðtöl	13	100,0
Skýrslutökur	4	30,8
Könnunarviðtöl	9	69,2
Greiningar- og meðferðarviðtöl	5	100,0
Vísað beint (að beiðni bvn)	1	20,0
Í kjölfar rannsóknarviðtals	4	80,0
Læknisskoðanir	2	-

Tilkynningar til barnaverndarnefnda

Í maí bárust barnaverndarnefndum landsins 795 tilkynningar en þær voru 659 í apríl. Tilkynningum hefur því fjölgað um tæp 21% milli mánaða. Á sama tíma í fyrra voru tilkynningar alls 617 og hefur tilkynningum því fjölgað um tæp 29% milli ára.

Alls var tilkynnt um 633 börn en þau voru 535 í apríl. Fjöldi barna sem tilkynnt var um hefur því fjölgað um rúm 18% milli mánaða. Fjöldi barna miðað við sama mánuð í fyrra hefur aukist um rúm 19% en í maí 2006 var tilkynnt um 530 börn. Um 70% þeirra barna sem tilkynnt var um nú í maí búa á höfuðborgarsvæðinu.

Alls var tekin ákvörðun um að hefja könnun í máli 273 barna eða í 43% tilvika. Í febrúar voru mál 214 barna könnuð eða í 40% tilvika. Fjöldi barna þar sem ákveðið var að hefja könnun hefur því fjölgað lítillega milli mánaða.

Af þeim 63 tilkynningum sem bárust Neyðarlínunni 112 voru 54 tilkynningar flokkaðar sem barnaverndartilkynningar. Sumt af því sem tilkynnt er til Neyðarlínunnar flokka nefndir ekki sem barnaverndartilkynningar. Flestar tilkynningar sem bárust í gegnum Neyðarlínuna voru vegna mála í Reykjavík eða 59%.

Algengast var að tilkynnt væri um áhættuhegðun barns eða í 50% tilvika. Alls var talið að 14 börn (2,2%) hefðu verið í yfirvofandi hættu. Ástæður tilkynninga eru eftirfarandi:

5. tafla. Ástæður tilkynninga

Ástæður tilkynninga*	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Vanræksla	224	28,2
Líkamleg vanræksla	23	2,9
Vanræksla varðandi umsjón og eftirlit	184	23,1
Vanræksla varðandi nám	8	1,0
Tilfinningaleg vanræksla	24	3,0
Ofbeldi	167	21,0
Tilfinningalegt/sálrænt ofbeldi	89	11,2
Líkamlegt ofbeldi	42	5,3
Kynferðislegt ofbeldi	36	4,5
Áhættuhegðun	401	50,4
Neysla barns á vímuefnum	66	8,3
Barn stefnir eigin heilsu og þroska í hættu	96	12,1
Afbrot barns	171	21,5
Barn beitir ofbeldi	49	6,2
Erfiðleikar barns í skóla, skólasókn áfátt	25	3,1
Heilsa eða líf ófædds barns í hættu	3	0,4
Tilkynningar alls	795	100,0

* Athugið að aðeins má merkja við eina aðalástæðu fyrir hverja tilkynningu. Hins vegar má merkja við fleiri undirástæður t.d. innan vanrækslu. Ef ein tilkynning berst um vanrækslu skal merkja við vanrækslu sem aðalflokk en merkja má t.d. við bæði líkamlega vanrækslu og tilfinningalega. Samalagður fjöldi aðalflokkanna fjögurra stemmir því við fjölda tilkynninga en fjöldi innan hvers aðalflokks þarf ekki að stemma við heildartöluna.

Flestar tilkynningar bárust frá lögreglu eða alls 56% allra tilkynninga. Um 10% tilkynninga bárust frá skólayfirvöldum en í aðeins tveimur tilfellum leitaði barnið sjálft til barnaverndarnefndar. Skipting tilkynnenda er eftirfarandi:

6 tafla. Tilkynnendur:

Tilkynnendur	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Barnið sjálf	2	0,3
Ættingjar barns aðrir en foreldrar	38	4,8
Nágrannar	38	4,8
Önnur barnaverndarnefnd	7	0,9
Þjónustumiðstöð/stm. félagsþjónustu	14	1,8
Lögregla	446	56,1
Skóli/sérfr.þjónusta/fræðslu- eða skólaskr.	78	9,8
Leikskóli/gæsluforeldri	11	1,4
Læknir/heilsugæsla/sjúkrahús	56	7,0
Foreldrar barns	46	5,8
Aðrir	59	7,4
Alls	795	100,0

Samanburður á höfuðborgarsvæði og landsbyggð

Eftirfarandi tafla sýnir samanburð á fjölda tilkynninga og fjölda barna á höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni. Alls voru tæplega 73% tilkynninga til nefnda á höfuðborgarsvæðinu.

7. tafla. Fjöldi tilkynninga og fjöldi barna á höfuðborgarsvæði og landsbyggð.

	Tilkynningar		Fjöldi barna	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Höfuðborgarsvæði	578	72,7	442	69,8
Landsbyggð	217	27,3	191	30,2
Alls	795	100,0	633	100,0

Til höfuðborgarsvæðis telst Reykjavík, Seltjarnarnes, Kópavogur, Garðabær, Hafnarfjörður, Álftanes og Mosfellsbær.

Eftirfarandi tafla sýnir samanburð á ástæðum tilkynninga á höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni:

8. tafla. Ástæður tilkynninga á höfuðborgarsvæði og landsbyggð.

Ástæður tilkynninga:	Höfuðborgarsvæði		Landsbyggð		Alls	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Vanræksla	147	25,4	77	35,5	224	28,2
Ofbeldi	125	21,6	42	19,4	167	21,0
Áhættuhegðun	304	52,6	97	44,7	401	50,4
Heilsa eða líf ófæddis barns	2	0,3	1	0,5	3	0,4
Alls	578	100,0	217	100,0	795	100,0

Áfallamiðstöð Landspítalans

Alls bárust Áfallamiðstöð Landspítalans 3 tilkynningar í maí vegna þriggja barna. Tvö þeirra bjuggu í Reykjavík og eitt í Hafnarfirði. Í apríl voru tilkynningar til Áfallamiðstöðvarinnar 5 og hefur þeim því fækkað um 40% milli mánaða. Alls var tilkynnt um þrjár stúlkur og var meðalaldur þeirra 15,7 ár. Allar þrjár tilkynningarnar voru vegna kynferðislegs ofbeldis.